

Heilsuefling í dreifbýli



Anita Aanesen

Deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð er hluti af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem á 100 ára afmæli í ár. Af þessu tilefni hafa hinir ýmsu hjúkrunarfræðingar í Eyjafirði skrifað greinar sem fjalla um þá og þau fjölbreyttu störf sem þeir inna af hendi í samfélaginu okkar.

Ég heiti Anita Aanesen og er fædd og uppalin í norður Noregi og útskrifaðist úr hjúkrunarnámi við Háskólann í Bodø í Noregi í 1984.

Að loknu námi hóf ég störf á gjörgæsludeild sjúkrahússins í Stokmarknes í norður Noregi. Þar starfaði ég bæði sem almennur hjúkrunarfræðingur og sem deildarstjóri. Veturinn 1990 – 1991 fór ég í sérnám í forvörnum og heilsueflingu við Háskólann í Tromsø. Að því loknu starfaði ég við heilsuvernd ungbarna og skólabarna á ýmsum stöðum í Noregi. Hluta tímabilsins var ég stjórnandi starfseminnar.

Sumarið 2000 flutti ég ásamt íslenskum eiginmanni mínum til Dalvíkur. Á Íslandi hóf ég feril minn með nálastungulækningum, en ég hafði menntað mig í þeim í Noregi. Síðan 2001 hef ég verið stjórnandi við heilsugæslustöðina á Dalvík ef frá eru tekin árin 2016 – 2018. Þá var ég í námsleyfi og tók meistaraþráðu í heilbrigðisvísindum við NTNU háskólann í Þrándheimi. Hérlandis hefur reynsla mín af störfum við heilsuvernd í Noregi, komið í góðar þarfir.

Mörg krefjandi verkefni koma á borð yfirhjúkrunarfræðings en einnig opnast margir möguleikar. Með fámennu starfsliði þarf að ljúka lögbundnum verkefnum á sem bestan hátt en jafnframt gæta að endurmenntun og hindra kulnun í starfi.

Ef litið er til hjúkrunar almennt og ástands heilbrigðismála, tel ég mikilvægast að forgangsraða tveimur hópum, barnafjölskyldum og eldri kynslóðinni. Stækkandi hlutdeild aldraðara hefur kallað á mikla aukningu í heimahjúkrun á sama tíma og stöðugildum hjúkrunarfræðinga hefur ekki fjölgað í sama hlutfalli. Vaxandi þrýstingur er frá Sjúkrahúsinu á Akureyri um að heimahjúkrun taki við veikari sjúklingum. Að veita skjólstæðingum okkar þá þjónustu sem við óskum er krefjandi verkefni. Aukið álag á starfsfólkið eykur líkur kulnun í starfi og finna þarf jafnvægi á milli þessara tveggja þátta.

Offita og ofþyngd er vaxandi vandamál í okkar héraði eins og annars staðar. Það eykur áhættu á hjarta og æðasjúkdómum og sykursýki. Fyrir okkar litlu heilsugæslu með takmarkaðan mannafla er það áskorun að grípa snemma inn í þetta ferli, e.t.v. áður en börnin hafa komið í heiminn. Það er áriðandi að styrkja mæðravernd og ungbarnavernd svo að hægt sé að bregðast hratt við þörfum foreldra sem þarfnast aðstoðar við hlutverk sín. Foreldrarnir eru mikilvægasta fyrirmynd barnanna og því skiptir miklu að nýjar kynslóðir venjist öðrum lífstíl en margir hafa í dag.

Á þeim 35 árum sem ég hef starfað sem hjúkrunarfræðingur hefur fagið breyst frá því að snúast að miklu leyti um hefðbundin hjúkrunarstörf yfir í akademísk fræði. Hjúkrunarfræði stendur faglega vel og verkefnin gríðarlega fjölbreytt. Ég vildi samt gjarnan sjá fleiri hjúkrunarfræðinga taka sérnám sem tengist og nýtist við heilsugæslu og við heilsueflandi verkefni. Í þessum málaflokki eru stór verkefni í hjúkrunarfræði. Nauðsynlegt er að leggja meiri áherslu á þetta í hjúkrunarnámi.

Það skemmtilegasta í mínu starfi er að vinna með manneskjum, bæði sjúklingum og starfsfólki. Fátt er ánægjulegra en að sjá sjúklinga fara ánægðar af heilsugæslunni eftir að erfitt faglegt vandamál hefur verið vel af hendi leyst.

Það er góð tilfinning að sjá starfsfólkið vinna vel saman í erfiðum kringumstæðum eins og t.d. við hjartastopp. Samvinna og samstaðan er gefandi og veitir kraft til að halda áfram. Það er ánægjulegt að fá fólk til vinna saman og gaman að koma með nýjar hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd. Nýlega fékk HSN Dalvík styrk frá Landlæknisembættinu til að hefja lífstílsmóttöku. Áætlunin er komin vel á veg og gert er ráð fyrir að opna móttökuna um miðjan september. Þar verður byggt á þverfaglegri samvinnu og heilsuefling verður í fyrirrúmi.

Af og til er gott að líta í baksýnispegilinn og leggja mat á farinn veg. Í ár verð ég sextug og þá eru sjö ár eftir af starfsæfinni. Hvernig sé ég komandi ár? Á ég eitthvað ógert eða er ég sátt við stöðuna? Mig hefur alltaf langað til að taka doktorsgráðu. Gæti vel hugsað mér nýtt starf við heilsueflingu. Enginn veit sína ævina fyrr en öll er.

Hvar verð ég eftir 20 ár? Þá verð ég áttæð og ef mér gefst að lifa svo lengi verð ég löngu búin að skila keflinu til þeirra sem á eftir koma. Vonandi bý ég á eigin heimili, ferðast mikið og er virkur þátttakandi í samfélaginu. E.t.v. held ég fyrirlestra? Que sera, sera.